

Miðvikudaginn 16. janúar 1957.

Nr. 8/1957. **Oliúsamlag útvegsmanna, Neskaupstað**
 gegn
Bjólfi h/f.

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason,
 Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Theodór B. Línal
 prófessor.

Ákveðinn skriflegur málflutningur.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn kærði úrskurður er kveðinn upp í sjó- og verzlunardómi Seyðisfjarðar af formanni dómsins, Erlendi Björnsyni bæjarfógeta, og samdómsmönnum Sveinlaugi Helgasyni og Friðbirni Hólmi.

Sóknaraðili hefur hinn 31. desember 1956 kært til Hæstaréttar úrskurð sjó- og verzlunardóms Seyðisfjarðar, sem upp var kveðinn 28. s. m., en með úrskurði þessum var ákveðið, að mál sóknaraðilja gegn varnaraðilja skyldi skriflega flutt. Krefst sóknaraðili þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og munnlegur flutningur málsins ákveðinn. Hann krefst og kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdóms verði staðfestur og að sóknaraðilja verði gert að greiða honum kærumálskostnað.

Með skirskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Rétt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 800.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Oliúsamlag útvegsmanna, Neskaupstað, greiði varnaraðilja, Bjólfi h/f, kærumálskostnað, kr. 800.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður sjó- og verzlunardóms Seyðisfjarðar 28. desember 1956.

Í þinghaldi sjó- og verzlunardóms Seyðisfjarðar 30. nóvember 1956 í málinu: Olíusamlag útvegsmanna, Neskaupstað, gegn Bjólfi h.f. óskaði fyrirsvarsmaður varnaraðilja þess, að málflutningur yrði ákveðinn skriflegur, en fyrirsvarsmaður sóknaraðilja andmælti því, og halda þeir sér enn fast við þetta.

Sóknaraðili hefur höfðað mál þetta til greiðslu skaðabóta fyrir bryggjuskemmdir, sem hann telur hafa orðið af völdum togarans Ísólfis, sem er eign varnaraðilja. Hefur varnaraðili aðallega krafizt sýknu og talið sér nauðsynlegt að fá lögfræðing til að annast vörn málsins. Hann skýrir svo frá, að verjandinn, Ágúst Fjeldsted hrl., Reykjavík, geti ekki komið því við að ferðast til Seyðisfjarðar til þess að flytja málið, og kveður það ástæðu þess, að hann óskar skriflegs málflutnings.

Fyrirsvarsmaður sóknaraðilja hefur bent á það, að óeðlilegt sé, að lögfræðingar geti flutt mál, án þess að þurfa nokkurn tíma að mæta í þeim.

Dómurinn telur líkur til þess, að málsútlistun í máli sem þessu muni verða gleggri, ef lögfræðingar annast málflutning. Augljóslega er erfiðleikum bundið fyrir málflutningsmann í Reykjavík að ferðast til Seyðisfjarðar að vetrarlagi. Eru því fyrir hendi skilyrði bæði 1. og 2. töluliðs 2. mgr. 109. gr. laga nr. 85/1936 til þess að leyfa skriflegan málflutning.

Enginn ónauðsynlegur dráttur hafði orðið á málinu, þegar ákvörðun skyldi taka um málflutninginn. Er því ekki af þeim sökum ástæða til að neita um skriflegan málflutning. Verða andmæli fyrirsvarsmanns sóknaraðilja því ekki tekin til greina.

Því úrskurðast:

Mál þetta skal skriflega flutt.
